

40. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu nr. 126, 12. september 1958.

Fjallskilareglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58, 29. mars 1961 og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 42 12. maí 1969, og breyting á þeim lögum nr. 43/1976, til þess að öðlast gildi frá og með 1. október 1981, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. apríl 1982.

Pálmi Jónsson.

Haukur Jörundarson.

REGLUGERÐ**um búfjárhald í Þingeyrarhreppi.**

1. gr.

Búfjárhald er óheimilt í lögsagnarumdæmi Þingeyrarhrepps án sérstaks leyfis hreppsnefndar, þó skerðir þetta ekki rétt lögbýla innan hreppsins.

2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. gr. skal senda skriflega umsókn til hreppsnefndar.

Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru sem máli kann að skipta.

3. gr.

Telji hreppsnefnd að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfið. Má veita það í ákveðinn tíma eða tiltaka ákveðinn frest til afturköllunar.

Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfi að undangenginni aðvörum.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar samkvæmt reglugerð þessari skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörum. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um gæslu búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifum.

5. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að greitt skuli gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds. Má ákveða gjald fyrir hvern grip sem leyfi er veitt fyrir eða ákveðna upphæð fyrir hvert leyfi.

6. gr.

Sá sem fær leyfi til búfjárhalds samkvæmt reglugerð þessari, skal hafa búfé í öruggri vörslu og ber hann ábyrgð á öllu því tjóni sem það kann að valda. Visast að öðru leyti til 7. gr.

7. gr.

Hreppsnefnd skal hafa sauðfjánhelda girðingu umhverfis íbúðabyggð í Þingeyrarkauptúni og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald utan þeirra marka.

Stefnt skal skipulega að því að allt búfjárhald flytjist út fyrir ofangreinda girðingu.

8. gr.

Byggingar peningshúsa eru aðeins leyfðar á skipulögðum búfjársvæðum sem bundin eru í aðalskipulagi.

9. gr.

Enginn má halda búfé nema hann hafi yfir það hús sem samræmist kröfum heilbrigðisreglugerðar. Leyfishafi ber ábyrgð á því að hann hafi beitiland handa búfé sínu á sumrin og fóður á veturna svo og allri meðferð búfjárins.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þingeyrarhrepps í V-Ísafjarðarsýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUR

um framkvæmd matsstarfa og um innkaup og endursölu félagslegra íbúða skv. l. nr. 51/1980 sbr. rgl. frá 23. mars 1982.

Matsnefnd félagslegra íbúða skal hafa með höndum eftirtalin verkefni:

1. Framkvæma mat á verði þeirra félagslegra íbúða, sem eigendur óska eftir að selja, og falla undir ákvæði laga nr. 51/1980, sbr. eldri lög um verkamannabústaði og aðrar félagslegar íbúðir.

Við framkvæmd matsstarfa skal nefndin gæta ákvæða 53., 54. gr. l. 51/1980 svo og ákv. V. kafla sömu laga. Sbr. rgl. 527/1980 skal nefndin kanna ákvæði eldri laga eftir því sem tilefni er til og afsöl íbúða.

Matsnefndin skal skila matsgerðum til stjórnna verkamannabústaða og senda afrit til félagsíbúðadeildar Húsnæðisstofnunar ríkisins.

2. Úrskurða um vafaatriði, sem kaupendur og seljendur félagslegra íbúða senda nefndinni til úrlausnar, og snerta íbúðir, sem kaupskylda eða forkaupsréttur skv. l. 51/1980 nær til.
3. Vera eigendum félagslegra íbúða til ráðuneytis varðandi réttindi þeirra og skyldur við endursölu íbúða.

Við mat á göllum íbúðar, skal nefndin taka mið af kostnaði við að gera til fulls við gallana, en ávallt skal gefa seljanda kost á að gera við íbúð áður en endanlegt